

---

---

## FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 15. FEBRÚAR 2020

---

---

**MÆTTIR:** EDDA BJÖG SIGURÐARDÓTTIR, ELFA HRÖNN FRÍÐRIKSDÓTTIR, ARNA FRÍÐRIKSDÓTTIR  
FOELDRAFULLTRÚI, SÆRÚN SIGURJÓNSDÓTTIR OG TÓMAS ÞÓR JACOBSEN

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 15:00 kom skólaráð saman til 3. fundar ársins 2020 í Sjúlandsskóla.

### **FUNDARGERÐ**

#### **1. Skóladagatal**

Edda lagði fram drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár 2020-2021. Dagatalið hefur þegar verið samþykkt af bæði fulltrúum í hópi stjórnenda af leik og grunnskólum og fulltrúum skóladeilda Garðabæjar en það á eftir að leggja það fyrir skólaráð í öllum skólunum til umsagnar. Búið er að dreifa dögnum fyrir skipulagsdaga á vikudaga jafnt yfir skólaárið. Vikan 17.-21. ágúst er opin í Sælukoti fyrir nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk. Skóladagatalið fyrir næsta ár raðast óvenju vel. Samþykkt hefur verið að kennarar vinna af sér einn skipulagsdag sem hefur mælst vel fyrir í Sjúlandsskóla.

Engar athugasemdir gerðar við skóladagatalið af skólaráði Sjúlandsskóla.

#### **2. Frímínútur í hádegi**

Miklar áhyggjur eru af frímínútum í hádegi. Æsingur og órói í húsinu í hádegishléi er oft mjög mikill. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar til að dreifa álagi og manna gæslur á svæðum. Áhyggjur eru af því að tíminn sé enn of langur sem nemendur hafa til frjálsra leikja undir litlu eftirliti og hugmynd kom upp að stytta frímínútur í hádeginu niður í 30 mín. Þá yrði skipulagið með þeim hætti að 1.-4. bekkur færi fyrst í mat, síðan færi unglíngastigið og miðstigið færi síðast í mat. Þessi tillaga verður lögð fyrir næsta kennarafund.

#### **3. Starfsemi Klakans**

Tómas Þór fór yfir starfsemi Klakans. Það hefur verið aðeins lögð í starfi Klakans í desember þ.e. opnu húsi. Þau eru að byrja að auglýsa í hverri viku og eru að peppa bekkina að koma í Klakann á opin hús. Það er að skila sér í aukinni aðsókn. Það hefur verið mjög góð mæting hjá 7. bekk í vetur og eftir áramót. Aðrir bekkir á miðstigi fengu kynningu á starfi Klakans. Árshátíð er í mars og skíðaferð er í mars líka. Það eru rúmlega 40 krakkar skráðir í skíðaferðina eins og staðan er í dag. Tómas talaði um Stíl, Sjúlandsskóli fékk hvatningarverðlaunin í ár. Sjúlandsskóli á fulltrúa á Samfés lokakeppni söngvakeppni grunnskólanna ásamt þremur öðrum úr Garðabæ.

#### 4. Valfög í unglingadeild

Tæp 80 námskeið í valgreinum í unglingadeild. Öll námskeiðin eru kennd af kennurum Sjálandsskóla, einungis þrír kennarar komu utan að. Það var leiklistarval, forritunarnámskeið frá Skema og tvö námskeið frá ungum hárgreiðslumeistara. Öll önnur námskeið kenndu kennarar skólans, skák, kajak, hreyfing og leikir, textílmennnt og myndmennt, Stíll var valnámskeið, jóga námskeið, smíði og hönnun, útiildun. 3d hönnun og prentun, badminton, íþróttir sem byrja á B, þrjú ný námskeið í notkun snjalltækja svo eitthvað sé nefnt. Samningur er gerður fyrir nemendur sem eru í tónlistarnámi. Þau fá eitt val niðurfellt ef þau eru í tónlistarnámi þ.e. þegar námskrá liggur á bakvið námið og/ eða ef þau eru í landsliði í sinni íþrótt. Tækniskólaaval hefur verið í boði í vetur- 4 nemendur hafa verið að nýta sér það á þessu skólaári.

#### 5. Önnur mál

Arna ræddi tölvupósta til foreldra sem hafa verið að berast í ruslpóst. Þetta þarf að skoða hjá Námfús. Vitað er til að einhverjir foreldrar hafa verið að lenda í slíku ítrekað og jafnvel ekki fengið tölvupósta. Foreldrar hafa áhyggjur af þessu því vandamálið hefur verið að koma upp endurtekið. Farið verður í það verkefni að skoða þetta eftir vetrarfrí.

Arna minnti á velferðarsjóð- styrktarsjóður foreldra. Sjóður sem foreldrafélagið býr yfir til að aðstoða nemendur eða foreldra sem hafa ekki tök á að greiða fyrir stærri viðburði/ferðir í skólanum. Arna minnir á þennan sjóð og hægt er að sækja í hann í gegnum skólastjóra.

Umræða hefur verið í foreldrafélaginu um sameiginleg bílastæði Sjálandsskóla og veitingastaðarins Sjálands. Undirskriftarlistum hefur verið dreift til foreldra með áskorun um að bilinu á milli bílastæðanna verði loka að minnsta kosti á skólatíma. Það fer illa saman að halda veislur t.d. erfidrykkju og skólastarf auk þess sem starfsfólk Sjálandsskóla nýtir flest stæði skólans á skólatíma.

Innilega, tryggja þarf að íþróttahúsið sé laust. Við þurfum að senda á Kára og/ eða Kristján að það sé öruggt að íþróttahúsið sé laust þá daga sem innilega verður.

Uppbrotsdagurinn í unglingadeild er 20. mars. Yfirskriftin er «fögnum fjölbreytileikanum». Ingileif og María koma með fyrirlestur um fjölbreytileikann fyrir unglingana. Erna í Ernulandi kemur með jákvæða líkamsvitundarvakningu og nemendur fá pítsu í hádeginu. Þetta verður með sama sniði eða svipuðum hætti og síðustu tvö ár.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði:

**Sesselja Þóra Gunnarsdóttir**